

Yfirmaður umhverfis og skipulags Gunnlaugur Rúnar  
Sigurðsson  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn í Hornafirði



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 11. mars 2013  
Tilvísun: UST20130100139/ksj

### Lýsing. Sveitarfélagið Hornafjörður. Endurskoðun aðalskipulags.

Vísað er til erindis yfirmanns umhverfis- og skipulagsmála Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 22. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um skipulagslýsingu á endurskoðun á aðalskipulagi Hornafjarðar.

### Efnistaka


Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti að huga vel að efnistöku í sveitarfélaginu Hornafjörður. Á svæðinu frá Almannaskarði að Eystra Horni eru margar námur og mikilvægt er að fækka þeim. Að mati stofnunarinnar eru það aðallega námur í fjallshlíðum sem hafa afar neikvæð sjónræn áhrif.


### Áhrifaþættir - Fráveita

Varðandi forsendur og viðmið þá bendir Umhverfisstofnun á lög nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna og reglugerð um fráveitur og skólp og þau tímamörk er sveitarfélög hafa til að uppfylla reglugerðina.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemd við ofangreinda lýsingu

Virðingarfyllt

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun